

Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur **23. febrúar 2016**

Sindri Smáráson, fulltrúi í Ungmennaráði Árbæjar og Holta

Tillaga

Reykjavíkurborg myndi starfshóp til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum. Starfshópurinn skili niðurstöðum til skóla- og frístundaráðs og Reykjavíkurráðs ungmenna fyrir árslok 2016.

Greinargerð

Þrátt fyrir að hverfi Árbæjar, Norðlingaholts og Grafarholts séu oft sett undir sama hatt innan stjórnarsýslu borgarinnar líta íbúar ekki þannig á að þessi hverfi eigi mikið sameiginlegt. Ungmennaráð Árbæjar og Holta vilja efla tengingu á milli hverfanna með sameiginlegri afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn. Fulltrúi úr ungmennaráði Árbæjar og Holta myndi vilja vera meðlimur í áðurnefndum starfshópi.